

# Starfsreglur stjórnar

## 1 Tilgangur og markmið

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) nr. 1/2010, 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja og viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05).

Tilgangur þessara reglna er að ákvarða verkaskiptingu stjórnar Fossa fjárfestingarbanka hf. („Fossar“ eða „félagið“) sem og önnur störf hennar og samskipti, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins, auka trúverðugleika og stuðla að óhlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála.

## 2 Gildissvið

Starfsreglurnar gilda um stjórn og varastjórn Fossa.

## 3 Framkvæmd

### 3.1 Skipan stjórnar

- 3.1.1 Aðalfundur kýs árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Reglur þessar eiga við um aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins.
- 3.1.2 Sé stjórnarmaður forfallaður skal stjórnarformaður boða varamann í hans stað.
- 3.1.3 Stjórn skal strax að loknum aðalfundi ár hvert koma saman til fundar og skipta með sér verkum. Sama á við hafi stjórn verið kosin á öðrum hluthafafundum. Aldursforseti stjórnar stýrir fundi þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins. Stjórn skal þar sömuleiðis velja fyrsta og annan varamann. Formaður og varaformaður stjórnar skulu kosnir úr hópi stjórnarmanna. Formaður stjórnar skal kosinn með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
- 3.1.4 Ákveði stjórnarmaður að segja starfa sínum lausum á kjörtímabilinu skal hann senda stjórn tilkynningu þar um án ástæðulauss dráttar. Ef eigi hvílir skylda á stjórn til að boða til hluthafafundar vegna afsagnar stjórnarmanns ákveður stjórn með bókun í fundargerð hvaða varamaður tekur sæti aðmanns fram að næsta aðalfundi samkvæmt röð varamanna. Skal stjórn þó tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn verði ekki lægra en gildandi lög gera ráð fyrir eftir að varamaður tekur sæti aðmanns í stjórn. Sama ferli skal eiga sér stað bresti stjórnarmann hæfi til að sinna stjórnarsetu skv. grein 3.4.

### 3.2 Hlutverk stjórnar

- 3.2.1 Stjórn félagsins fer samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum þess, með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Stjórn ber að stuðla að viðgangi félagsins og langtímaárangri og hagsmuni þess og háværkun langtímaarðsemi hluthafa að leiðarljósi í störfum sínum.
- 3.2.2 Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnu félagsins.

- 3.2.3 Stjórn hefur eftirlit með starfsemi félagsins og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi félagsins.
- 3.2.4 Stjórn ber ábyrgð á að stjórnarhættir og innra stjórnskipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn félagsins. Stjórn ber jafnframt ábyrgð á viðeigandi aðskilnaði starfssviða og skal koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- 3.2.5 Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar falla undir verksvið stjórnar. Um skilgreiningu á ráðstöfunum sem teljast óvenjulegar eða mikilsháttar vísast til greinar 3.8.1 reglna þessara.
- 3.2.6 Stjórn skal almennt ekki taka þátt í ákvörðun um einstök viðskipti félagsins nema umfang viðskiptanna sé verulegt miðað við efnahag félagsins eða sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum félagsins sem stjórn hefur sett.
- 3.2.7 Stjórn skal hafa forystu, ásamt forstjóra, um stefnumótun, gerð viðskiptaáætlunar, markmiðasetningu og skilgreiningu áhættuviðmiða félagsins.
- 3.2.8 Stjórn leggur áherslu á sjálfbært viðskiptalíkan sem tekur tillit til allra áhættupátta, þar á meðal þeirra sem varða umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, og samþykkir sjálfbærnistefnu fyrir félagið.
- 3.2.9 Stjórn skal að tillögu forstjóra samþykkja fjárhagsáætlun fyrir félagið árlega.
- 3.2.10 Stjórn hefur með höndum ráðningu og uppsögn forstjóra og ákveður kjör hans.
- 3.2.11 Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf og hæfni forstjóra.
- 3.2.12 Stjórn staðfestir ráðningu og uppsögn regluvarðar, að tillögu forstjóra, sem heyrir beint undir forstjóra, og erindisbréf hans.
- 3.2.13 Stjórn ræður innri endurskoðanda sem heyrir beint undir stjórn.
- 3.2.14 Stjórn skal sjá til þess að yfirmaður áhættustýringar, innri endurskoðandi og regluvarður hafi nægilegt sjálfstæði til þess að geta óháð sinnt starfi sínu af kostgæfni og hafi beinan aðgang að stjórn.
- 3.2.15 Stjórn skal skilgreina á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljast lykilstarfsmenn í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
- 3.2.16 Stjórn skal hafa eftirlit með innleiðingu þeirra stefna sem stjórn setur, endurskoða þær reglulega og gera viðeigandi úrbætur á ágöllum sem í ljós kunna að koma. Enn fremur skal stjórn hafa yfirsýn og eftirlit með því að stefna félagsins, stjórnskipulag og stefnuskjöl sem mynda umgjörð félagsins um áhættustýringu og innra eftirlit, séu innleiddar.
- 3.2.17 Stjórn og forstjóri, skulu reglulega leggja mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar félagsins með hliðsjón af áhættustigi og sjá til þess að til staðar séu viðeigandi viðbragðs- og endurbótaáætlanir í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki.
- 3.2.18 Stjórn setur stefnur um lausafjárahættu, stefnu um útlánaáhættu, stefnu um rekstraráhættu og stefnu um hlítningaráhættu.
- 3.2.19 Stjórn skal sjá til þess að kaupaukakerfi félagsins, sé því til að dreifa, sé í samræmi við lög og reglur.
- 3.2.20 Stjórn skal hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum félagsins og að innri endurskoðun, regluvörslu og áhættustýringu og innra eftirliti sé sinnt.
- 3.2.21 Stjórn skal hafa yfirsýn yfir starfskjarastefnu félagsins, samþykkja hana og leggja hana árlega til við hluthafafund og hafa með henni eftirlit.
- 3.2.22 Stjórn skal stuðla að fagmennsku og góðu siðferði innan félagsins, stjórn samþykkir siðareglur fyrir félagið.

- 3.2.23 Stjórn samþykkir stefnu og áhættumat félagsins um ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 3.2.24 Stjórn samþykkir stefnu félagsins um mat á hæfi stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna.
- 3.2.25 Stjórn samþykkir endurbótaáætlun fyrir félagið.
- 3.2.26 Stjórn samþykkir stefnu félagsins um upplýsingatækni og öryggi.
- 3.2.27 Stjórn samþykkir starfsáætlun innri endurskoðanda.
- 3.2.28 Stjórn samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu félagsins um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.
- 3.2.29 Stjórn ákveður hverjir skuldbinda félagið. Aðeins stjórn getur veitt prókúruumboð.
- 3.2.30 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að sjálfstæðri sérfræðiráðgjöf á kostnað félagsins telji þeir nauðsyn á slíku til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir um málefni félagsins.

### 3.3 Upplýsingagjöf til stjórnar

- 3.3.1 Stjórn skal á hverjum tíma fá viðeigandi upplýsingar, m.t.t. hlutverks og ábyrgðar stjórnar, um heildarstarfsemi félagsins, fjárhagslega stöðu þess og áhættu í starfsemi, að teknu tilliti til efnahagsumhverfis félagsins, og um ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á starfsemi félagsins.
- 3.3.2 Meginlínur upplýsingagjafar forstjóra til stjórnar:
  - a) Forstjóri skal reglulega leggja fram og kynna skýrslu um rekstur félagsins og einstakra sviða hans.
  - b) Forstjóri skal kynna könnuð árshlutauppgjör fyrir stjórn eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum hvers uppgjörstímabils.
  - c) Forstjóri skal kynna endurskoðað uppgjör félagsins fyrir stjórn. Endurskoðendur félagsins auk fulltrúa í endurskoðunarnefnd skulu vera viðstaddir kynningu endurskoðaðra eða kannaðra uppgjöra.
  - d) Eigi sjaldnar en árlega skal leggja fram upplýsingar um og kynna starfsemi einstakra sviða félagsins, eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma í skipuriti félagsins.
- 3.3.3 Önnur meginupplýsingagjöf:
  - a) Innri endurskoðandi félagsins skal skila skriflegri skýrslu um starfsemi sína, a.m.k. einu sinni á ári.
  - b) Regluvarsla skal skila skriflegri skýrslu um starfsemi sína a.m.k. einu sinni á ári.
  - c) Ábyrgðamaður peningabættis skal skila skriflegri skýrslu um starfsemi sína a.m.k. einu sinni á ári.
  - d) Yfirmaður áhættustýringar skal skila skriflegri skýrslu um starfsemi sína a.m.k. einu sinni á ári.
- 3.3.4 Þá skulu stjórnarmenn eiga rétt á öllum upplýsingum er varða rekstur félagsins sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum er snerta hag einstakra viðskiptamanna félagsins. Upplýsingar skulu almennt veittar skriflega nema þegar stjórn samþykkir annað.

### 3.4 Hæfi og skyldur stjórnarmanna

- 3.4.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér lög og reglur er um starfsemina gilda.
- 3.4.2 Stjórnarmenn skulu hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnarmenn. Þeir skulu hver um sig og saman búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu og hæfni til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu þekkja starfsemi og innviði félagsins.

- 3.4.3 Stjórnarmenn skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika og heilindum og gæta að öðru leyti að hæfi sínu í samræmi við reglur félagsins um mat á hæfi stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna.
- 3.4.4 Stjórnarmenn skulu verja nægum tíma til stjórnarstarfa og sinna því af kostgæfni. Jafnframt skulu stjórnarmenn stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
- 3.4.5 Stjórn skal árlega skilgreina lykilverkefni á komandi starfsári, markmið og stefnu félagsins og gera starfsáætlun um störf sín.
- 3.4.6 Stjórnarmenn skulu sjá til þess að hagsmunum hluthafa í félaginu og jafnræðis milli þeirra sé gætt, upplýsingagjöf til þeirra og annarra hagsmunaaðila sé viðeigandi og lögum samkvæmt.
- 3.4.7 Stjórnarmenn skulu greina og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem tengjast þeim sjálfum og tilkynna til stjórnar og regluvarðar um hvers konar tengsl þeirra, fyrrum eða yfirstandandi, persónuleg, pólitísk eða fagleg, sem eru til þess fallin að skapa hagsmunaárekstra í starfi stjórnarinnar. Komi til hagsmunaárekstra eða mögulegra hagsmunaárekstra í starfi stjórnarinnar, hvort heldur sem er hjá einstökum stjórnarmanni eða stjórnar sem heild, skal það tilkynnt til stjórnar og regluvarðar, rætt innan stjórnar og bókað í fundargerð til hvaða aðgerða skuli gripið vegna málsins.
- 3.4.8 Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

### 3.5 Viðskipti stjórnarmanna

- 3.5.1 Stjórnarmenn skulu haga einkaviðskiptum sínum með fjármálagerninga þannig að þau séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg né til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum, kasta rýrð á trúverðugleika eða skaða orðstír þeirra og/eða félagsins. Um slík einkaviðskipti stjórnarmanna og nátengdra aðila skal fara eftir reglum Fossa um einkaviðskipti starfsmanna með fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma.
- 3.5.2 Samningur Fossa um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við stjórnarmann er háður samþykki stjórnar. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt til yfirlögfræðings sem skal hlutast til um að tilkynna um slíkar ákvarðanir til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Hið sama gildir um maka, börn og foreldra stjórnarmanns og fyrirtæki sem stjórnarmaður eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.<sup>1</sup> Um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í ákvörðunum tengdum viðskiptum stjórnarmanna vísast til greinar 3.13. í reglum þessum.

### 3.6 Missir á almennum hæfi stjórnarmanna

- 3.6.1 Komi upp aðstæður sem valda því að almennt hæfi stjórnarmanns kunni réttilega að vera dregið í efa skal málið tekið til formlegrar rannsóknar. Stjórn skal taka ákvörðun um upphaf rannsóknar og er sá stjórnarmaður sem mögulegur missir á almennum hæfisskilyrðum beinist að vanhæfur til þátttöku í slíkri ákvarðanatöku. Rannsókn skal vera í höndum stjórnar eða eftir atvikum utanaðkomandi sérfræðings og skal beinast að því hvort stjórnarmaður sé talinn hafa misst almennt hæfi sitt. Rannsókn skal hefjast svo fljótt sem auðið er eftir að atvik koma til vitundar stjórnar. Við meðferð rannsóknar skal gæta þess að hlutaðeigandi stjórnarmanni sé sýnd nærgætni og varfærni í aðgerðum og gæta skal þess að honum sé gefið tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

---

<sup>1</sup> Sjá 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

- 3.6.2 Við mat á mögulegu vanhæfi stjórnarmanna skal líta til innri reglna um hæfi stjórnarmanna, forstjóra og lykilstarfsmanna. Stjórnarmenn mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Aðstæður sem valdið geta almennu vanhæfi stjórnarmanna eru t.d. rökstuddur grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi, réttarstaða grunaðs manns, gjaldprot, refsíðómur, alvarlegir orðsporshnekkir og fleira. Mögulegur missir á almennum hæfisskilyrðum skal háður atvikið bundnu mati og geta niðurstöður um aðgerðir í kjölfar rannsóknar verið misjafnar eftir atvikum hverju sinni.
- 3.6.3 Leiði rannsókn í ljós að stjórnarmaður hafi misst almennt hæfi sitt skal fara eftir grein 3.1.4. í reglum þessum um skipun varamanns í stjórn í stað aðalmanns.

### 3.7 Trúnaðar- og þagnarskylda

- 3.7.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptamanna þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 3.7.2. Stjórnarmenn skulu varðveita öll gögn sem þeim eru afhent vegna starfs síns með tryggilegum hætti.
- 3.7.3. Stjórnarmenn, aðrir en formaður, skulu ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns stjórnar.

### 3.8 Hlutverk stjórnarformanns – starfslýsing

- 3.8.1 Stjórnarformaður skal sjá til þess að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- 3.8.2 Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti af störfum hans sem formaður stjórnar. Þó má stjórnarformaður sinna einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.
- 3.8.3 Helstu verkefni stjórnarformanns eru eftirfarandi:
- Stuðla að því að starfshættir stjórnar séu í samræmi við viðeigandi lög, reglur og góða stjórnarhætti, að stjórn séu búnar góðar starfsaðstæður og stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
  - Að útbúa fundardagskrá í samstarfi við forstjóra og sjá til þess að hún sé send út tímanlega fyrir hvern stjórnarfund. Stjórnarformaður skal verða við beiðni stjórnarmanns um að taka tiltekið málefni á dagskrá, enda berist beiðnin tímanlega áður en dagskráin er send út.
  - Að sjá til þess að lögbundin og stefnumarkandi verkefni stjórnar séu höfð í forgangi.
  - Að stýra stjórnarfundum og sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
  - Að stuðla að virkri þátttöku allra stjórnarmanna í umræðu og ákvarðanatöku.
  - Að sjá til þess að ákvarðanir stjórnar séu teknar á traustum og upplýstum grunni og hvetja til opinna og gagnrýnnar umræðu í tengslum við ákvarðanatöku.
  - Að bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins og upplýsa stjórnina um sjónarmið hluthafa.
  - Að sjá til þess að stjórn fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn.
  - Að vera talsmaður stjórnar gagnvart fjölmiðlum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.
  - Að sjá til þess að starfsreglur stjórnar séu yfirfarnar árlega.
  - Að sjá til þess að stjórn meti árlega störf sín og að lagt sé mat á frammistöðu undirnefnda og forstjóra.

- l) Að sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. um stefnu þess, markmið og starfsemi.
- m) Að upplýsa forstjóra um niðurstöður mats stjórnar á frammistöðu hans og leggja á ráðin með honum um mögulegar úrbætur.
- n) Að fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
- o) Að leggja fram tillögu að árlegri starfsáætlun um fundi stjórnar til eins árs í senn.

### 3.9 Hlutverk forstjóra – starfslýsing

- 3.9.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirætlunum sem stjórn félagsins hefur gefið. Forstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins í samræmi við stefnu, markmið, áhættuvilja og mörk samkvæmt ákvörðun stjórnar. Forstjóri skal leggja gagnrýnið mat á tillögur, skýringar og upplýsingar sem fyrir hann eru lagðar við ákvörðunartöku og skal einungis taka ákvarðanir að vel upplýstu máli. Ákvörðunarvald forstjóra nær til allra málefna sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum félagsins eða ákvörðunum stjórnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir getur forstjóri aðeins framkvæmt samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir teljast m.a:
- a) Ákvarðanataka í málefnum sem eru umfram heimildir forstjóra eins og þær hafa eftir atvikum verið skilgreindar af stjórn.
  - b) Ákvarðanataka um kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum í eigu félagsins.
  - c) Ákvarðanataka um kaup og sölu á umfram 10% eignarhluta í eða samruna við önnur fjármálafyrirtæki.
  - d) Ákvarðanataka um kaup og sölu á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.
  - e) Ákvarðanir um einstaka lánveitingar sem eru umfram heimildir lánanefndar félagsins.
- 3.9.2 Forstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins í samræmi við stefnu, markmið, áhættuvilja og mörk samkvæmt ákvörðunum stjórnar.
- 3.9.3 Forstjóri skal sjá til þess að rekstur félagsins sé í samræmi við stefnu félagsins, viðeigandi löggjöf, samþykktir félagsins og ákvarðanir stjórnar á hverjum tíma.
- 3.9.4 Forstjóri skal skipa framkvæmdastjórn sem tekur eða ráðleggur við lykilákvarðanir í rekstri félagsins.
- 3.9.5 Forstjóri skal sjá til þess að stjórnarmenn fái reglulega viðeigandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo að þeir geti sinnt störfum sínum.
- 3.9.6 Forstjóri skal á reglulegum fundum stjórnar gera grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins, stefnumótun og upplýsa um hvernig ákvörðunum stjórnar hefur verið framfylgt.
- 3.9.7 Forstjóri skal án tafar, þegar nauðsyn krefur, gefa stjórn viðeigandi upplýsingar um hverskonar atvik eða aðstæður sem upp koma í rekstri félagsins og geta haft áhrif á mikilvægar ákvarðanir og áhættu í starfsemi félagsins.
- 3.9.8 Forstjóri skal sjá til þess að athugasemdir og ábendingar frá innri og ytri eftirlitsaðilum, áhættustýringu og innri og ytri endurskoðendum félagsins fái viðeigandi athygli hjá stjórn og stjórnendum og samræmt, skilvirkt og skjalfest verklag við eftirfylgni úrbótakrafna sé viðhaft.
- 3.9.9 Forstjóra er skylt að hlíta öllum fyrirætlunum stjórnar, að því undanskildu að þau séu andstæð lögum eða góðum viðskiptaháttum og venjum. Honum ber að veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir óska.

### 3.10 Þátttaka forstjóra í atvinnurekstri

- 3.10.1 Forstjóra er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema með sérstöku leyfi stjórnar. Við þá ákvörðun skal fjalla um ástæður þess að forstjóri taki slíkt sæti eða störf og áhrif þess á Fossa. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

### 3.11 Fyrirkomulag stjórnarfunda

- 3.11.1 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði eða þegar stjórnarformaður ákveður. Stjórnarfundir skulu alla jafna haldnir á skrifstofu félagsins en heimilt er að halda fundi annars staðar telji stjórnarformaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Stjórnarmönnum er ætíð heimilt að taka þátt í fundarstörfum símleiðis eða með öðrum fjarfundarbúnaði. Heimilt er að halda stjórnarfundi alfarið í gegnum sím- eða fjarfundarbúnað.
- 3.11.2 Formaður boðar til fundarins eða forstjóri félagsins í umboði hans. Heimilt er að fela öðrum starfsmönnum félagsins framkvæmd boðunar. Stjórnarformanni er skylt að boða stjórnarfund að kröfu stjórnarmanns, forstjóra eða endurskoðanda.
- 3.11.3 Fundi skal boða með hæfilegum fyrirvara. Fundargögn skal almennt senda eða gera aðgengileg stjórnarmönnum a.m.k. þremur sólarhringum áður en fundur skal hefjast. Stjórnarmenn skulu geta þess á stjórnarfundum hafi þeir ekki getað kynnt sér gögn fyrir umræðu um einstök mál og skal það bókað í fundargerð. Fundarboð með tölvupósti telst skriflegt fundarboð í framangreindum skilningi. Stjórnarformaður getur vikið frá þessu telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 3.11.4 Forstjóri situr stjórnarfundi, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema formaður stjórnar ákveði annað að höfðu samráði við aðra stjórnarmenn. Endurskoðendur, kjörnir á aðalfundi, eiga rétt á að taka þátt í stjórnarfundum þar sem ársreikningar félagsins eru til meðferðar.
- 3.11.5 Formaður stýrir stjórnarfundum. Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnar sækir fund (eftir atvikum varamenn í forföllum aðalmanna). Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á því að fjalla um málið, sé þess kostur.
- 3.11.6 Ytri endurskoðendur eiga rétt á að sitja fundi stjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir árita og geta þar látið í ljós álit á því hvort reikningsskilin og skýrsla stjórnar innihaldi nauðsynlegar og lögboðnar upplýsingar.
- 3.11.7 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum við ákvarðanatöku. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Greiði stjórnarformaður hins vegar ekki atkvæði við slíkar aðstæður skal hlutkesti ráða úrslitum.
- 3.11.8 Störf stjórnar skulu almennt fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda félagsins utan stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau hagi félagsins og skal um það bókað í fundargerð.
- 3.11.9 Nú telur stjórnarformaður ekki stætt á því vegna sérstakra aðstæðna að biða þess að haldinn verði stjórnarfundur og getur hann þá tekið ákvörðun um símafund stjórnar eða að málefnið verði kynnt stjórnarmönnum skriflega, þ.m.t. með tölvupósti, eða símleiðis og haldin verði atkvæðagreiðsla meðal stjórnarmanna skriflega eða símleiðis. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu bókaðar í fundargerð næsta stjórnarfundar.

### 3.12 Fundargerðir

- 3.12.1 Stjórnarformaður skal sjá til þess að haldin sé gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Yfirlögfræðingur félagsins skal rita fundargerðina. Sé yfirlögfræðingur forfallaður skal stjórnarformaður fela öðrum að rita fundargerðina.
- 3.12.2 Í fundargerðarbók skal m.a. skrá eftirfarandi:

- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn, hvenær hann hefst og hvenær honum lýkur.
  - b) Númer stjórnarfundar.
  - c) Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.
  - d) Bókun á því þegar utanaðkomandi aðilar koma inn á fund og þegar þeir yfirgefa fundinn.
  - e) Dagskrá fundarins.
  - f) Fundargögn sem voru afhent eða sýnd fyrir eða á fundinum.
  - g) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
  - h) Fyrirspurnir stjórnarmanna á fundum og á milli funda ásamt svörum við þeim.
  - i) Hafi ákvarðanir verið teknar milli funda skal tiltaka í fundargerð með hvaða hætti ákvarðanir sem teknar hafa verið á milli stjórnarfunda voru teknar.
  - j) Hver hafi ritað fundargerðina.
- 3.12.3 Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt bókað í gerðarbókina.
- 3.12.4 Fundargerð skal borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar.
- 3.12.5 Fundargerð skal undirrituð af stjórnarmönnum sem sitja fundinn og fundarritara. Stjórn er heimilt að nota fullgildar rafrænar undirskriftir á fundargerðir. Fundargerðir sem hafa verið undirritaðar af stjórn skv. framangreindu og færðar inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun á því sem gerst hefur á stjórnarfundum.

### 3.13 Sérstakt hæfi

- 3.13.1 Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál.
- 3.13.2 Einstakir stjórnarmenn eða forstjóri geta krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um mál og fái ekki afhent gögn vegna slíks máls. Meirihluti stjórnar ákveður hvort stjórnarmaður teljist vanhæfur.
- 3.13.3 Séu stjórnarmenn vanhæfir til afgreiðslu mála skulu þeir ekki hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum er varða það mál sem þeir eru vanhæfir til að fjalla um.
- 3.13.4 Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá eða eru fyrirsvarsmenn fyrir eða þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta, nema um sé að ræða hefðbundin einstaklingsviðskipti á almennum skilmálum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast tengdir þeim með öðrum hætti sem er til þess fallinn að skapa hagsmunaárekstra s.s. vegna fjárhagslegra, faglegra, persónulegra eða pólitískra tengsla. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum og stjórnarmenn skulu ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart félaginu.

### 3.14 Venslaðir aðilar

- 3.14.1 Stjórnarmenn skulu, þegar þeir taka sæti í stjórn félagsins, upplýsa stjórn um aðila sem teljast venslaðir þeim, sbr. skilgreiningu reglna FME um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017, sbr. lög um fjármálafyrirtæki. Stjórnarmenn skulu tilkynna stjórn félagsins ef breytingar verða á vensluðum aðilum.
- 3.14.2 Samkvæmt reglunum eru venslaðir aðilar tengdir aðilar samkvæmt settum reikningsskilareglum, sbr. lög um ársreikninga, þ.m.t. stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, þeir sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og aðilar í nánnum tengslum við framangreinda aðila, sbr. 2. mgr. 29. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Til venslaðra aðila geta einnig talist aðrir aðilar sem FME metur að eigi beinna og skyldra hagsmuna að gæta vegna starfsemi fjármálafyrirtækis.



- 3.14.3 Með nánnum fjölskyldumeðlimum er átt við maka eða sambúðarmaka, börn, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir aðila eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun hans.
- 3.14.4 Regluvarsla Fossa heldur utan um lista yfir venslaða aðila félagsins og viðskipti þeirra.
- 3.14.5 Sá aðili sem annast innri endurskoðun fyrir félagið skal a.m.k. árlega fara yfir viðskipti við venslaða aðila til að staðreyna að þessir aðilar njóti ekki óeðlilegra viðskiptakjara á neinn hátt.

### 3.15 Viðskiptaerindi tengdra aðila

- 3.15.1 Þess skal gætt að venslaðir aðilar njóti sömu viðskiptakjara hjá félaginu og aðrir viðskiptavinir þess. Óheimilt er að láta venslaða aðila njóta hagstæðari viðskiptakjara eða veita þeim upplýsingar sem aðrir viðskiptavinir félagsins hafa ekki aðgang að.
- 3.15.2 Um lán og fyrirgreiðslur til stjórnarmanna, forstjóra, lykilstarfsmanna og náninna fjölskyldumeðlimum þeirra eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda gilda takmarkanir 29. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki og reglur FME Sí um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017.
- 3.15.3 Framangreindum aðilum skal ekki veita lán eða aðra fyrirgreiðslu nema gegn traustum tryggingum. Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita hverjum og einum aðila og aðila í nánnum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr. Viðskipti framangreindra aðila skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

### 3.16 Árangursmat stjórnar og mat á frammistöðu forstjóra

- 3.16.1 Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, framkvæma árangursmat stjórnar, þ.e. meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu stjórnarformanns og forstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í slíku mati leggur stjórn m.a. mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að því sem það telur að betur megi fara í störfum sínum. Stjórnin getur sjálf lagt mat á störf sín, en jafnframt er heimilt að leita sérfræðiaðstoðar eftir því sem við á.
- 3.16.2 Stjórn skal samhliða meta störf undirnefnda. Endurskoðunarnefnd skal árlega meta störf innri og ytri endurskoðanda.
- 3.16.3 Stjórn skal bregðast við niðurstöðum matsins með því að setja upp aðgerðaráætlun ef við á.
- 3.16.4 Stjórnarmenn skulu hittast án forstjóra og annarra starfsmanna að lágmarki árlega, m.a. til að meta frammistöðu hans.

### 3.17 Móttaka og fræðsla nýrra stjórnarmanna

- 3.17.1 Nýir stjórnarmenn þurfa að fá greinargóðar upplýsingar um félagið og starfsemi þess í kjölfar kosningar þeirra. Nýr stjórnarmaður skal að jafnaði fá upplýsingar um:
  - a) Starfsemi félagsins
  - b) Afurðir og þjónustu
  - c) Stefnumótun og viðskiptaáætlun
  - d) Áhættustýringu og viðhorf til áhættu
  - e) Störf undirnefnda
  - f) Störf og valdsvið forstjóra
- 3.17.2 Nýr stjórnarmaður skal fá afhent helstu gögn sem varða félagið svo hann geti kynnt sér starfsemi hans og þau lög og reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki. Eftirfarandi gögn eru gagnleg fyrir nýja stjórnarmenn:
  - a) Samþykktir félagsins

- b) Starfsreglur stjórnar
- c) Starfsáætlun stjórnar
- d) Leiðbeiningar um aðgengi að reglum félagsins
- e) Fundargerðir stjórnar síðasta árið
- f) Fjárhagslegar upplýsingar
- g) Skipurit
- h) Yfirlit um gildandi lög og reglur er varða starfsemi félagsins
- i) Síðasti ársreikningur og árshlutareikningur
- j) Skýrslur og bréf frá innri og ytri endurskoðendum

3.17.3 Nýr stjórnarmaður á rétt á kynningarfundum með aðilum sem þekkja félagið vel og geta svarað spurningum hans, t.d. forstjóra, stjórnarformanni, yfirlögfræðingi og innri endurskoðanda.

### 3.18 Undirnefndir stjórnar

3.18.1 Innan stjórnar starfar áhættunefnd.

3.18.2 Stjórn félags ber ábyrgð á skipun og störfum áhættunefndar sem stafar í umboði stjórnar. Ákvörðunarvald og ábyrgð liggur því að fullu leyti hjá stjórn. Stjórn skipar nefndarmenn á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund félagsins og tekur ákvörðun um hver skuli vera formaður nefndarinnar.

3.18.3 Kveða skal á um hlutverk og helstu verkefni í starfsreglum áhættunefndar. Áhættunefnd skal tryggja að stjórn fái reglulega upplýsingar um helstu störf nefndarinnar. Að minnsta kosti árlega skal áhættunefnd veita stjórn félagsins skýrslu um störf sín.

3.18.4 Nefndarmenn áhættunefndar skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

### 3.19 Stjórnarseta í dóttur- og hlutdeildarfélagum

3.19.1 Stjórn skal taka ákvörðun um tilnefningu stjórnarmanna í dótturfélagum Fossa sem teljast mikilvæg rekstri félagsins, forstjóri skal hafa umsjón með framkvæmd á slíkri ákvörðun.

3.19.2 Árlega skal stjórn, að fenginni tillögu forstjóra, taka ákvörðun um hvaða félög falla undir þessa grein. Ákvörðun stjórnar skal endurskoðuð verði veruleg breyting á eignarhaldi Fossa á félögum, rekstri eða tilgangi félaga í eigu Fossa.

3.19.3 Forstjóri tilnefnir stjórnarmenn í stjórnir annarra félaga en þeirra sem falla undir þessa grein fyrir hönd Fossa og skal árlega leggja lista fyrir stjórn yfir stjórnarmenn sem tilnefndir eru af Fossum.

3.19.4 Stjórnarmenn skulu því aðeins taka sæti í stjórnun dóttur- eða hlutdeildarféлага Fossa að slíkt sé ákveðið sérstaklega í stjórn og skal þá við slíka ákvörðun jafnframt fjallað um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.

### 3.20 Gildistaka og fleira

3.20.1 Starfsreglum þessum verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar.

3.20.2 Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega.

3.20.3 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, öðrum almennum lögum og reglugerðum, reglum og tilmælum Fjármálaeftirlitsins og samþykktum og innri reglum félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Fossa fjárfestingarbanka hf. þann 22. maí 2024